

25. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 14. apríl 2026 kl 13.00

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Finnur Ólafsson, Jenný Lára Magnadóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson, Matthías Lýðsson og Trausti Salvar Kristjánsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Þorgeir Pálsson.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri, Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð. Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf, Hlynur Torfi Torfason, skipulagsfræðingur, og Herdis Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá.

1. Kynning á umsögnum við auglýsingu Kynningartillögu á grundvelli 24. gr Skipulagslaga nr 123/2010
2. Næstu skref

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans. Engar athugasemdir komu fram, setti formaður þá fundinn og gengið til dagskrár.

1. Kynning á umsögnum við auglýsingu Kynningartillögu á grundvelli 24. gr Skipulagslaga nr 123/2010

Alls bárust í Skipulagsgátt, 14 umsagnar á umsagnartíma auglýsingar Kynningartillögu frá 16. febrúar til 7. apríl s.l. Þar af 3 sem eru efnislega þær sömu og komu fram umsögnum við vinnslutillögu og hefur þegar verið svarað.

Formaður gaf Herdísi og Hrafnkeli orðið. Þau fóru yfir efni hverrar umsagnar og lögðu fram til umræðu tillögu að umfjöllun og eða viðbrögðum.

Til máls tóku auk formanns, Arnlín, Arinbjörn, Bragi, Finnur, Matthías, Jóhanna, Kristján, Aðalsteinn, Hjörleifur, Herdís og Hrafnkell.

Jenný Lára vék af fundi 13.40.

Formaður gerði tillögu.

*Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða felur ráðgjöfum og starfsmönnum nefndarinnar að vinna uppfærða tillögu í ljósi umræðu og leggja fram greinargerð á næsta fundi til **endanlegrar afgreiðslu**. Einnig verði gert grein fyrir breytingum sem gerðar voru við vinnslutillögu svæðisskipulags, þannig verði allar breytingar séu sýnilegar.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Næstu skref

Formaður tók til umræðu efni og dagsetningu næsta fundar, í framhaldi umræðu nefndarmanna og ráðgjafa gerði formaður eftirfarandi tillögu.

- Dagsetning 26. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða. Boðað verði til næsta fundar svæðisskipulagsnefndar 30. apríl eða 4. maí n.k.. Sviðsstjóra sem starfsmanni nefndarinnar, verði falið að kanna mætingu á tilgreindum fundardögum og ákveða fundardag í framhaldi af því.
- Fundarefni. Fundarefni verði endanleg afgreiðsla á tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 til samþykktar í sveitarstjórnnum, samanber ákvæði 25. gr Skipulagslaga 123/2010, *Afgreiðsla og gildistaka svæðisskipulags*.

Tillögur samþykktar samhljóða.

Formaður vakti athygli á því að afloknum sveitarstjórnarkosningum verði ný sveitarstjórn að kjósa fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd líkt og aðrar nefndir sveitarfélagsins.

Formaður þakkaði svo fyrir fundinn og sleit fundi kl 14.40.